

LANDSRÉTTUR

Dómur fimmtudaginn 11. júní 2026.

Mál nr. 315/2025:

Ákærvaldið

(Einar Tryggvason saksóknari)

gegn

Sinh Xuan Luu

(Björgvin Jónsson lögmaður)

Lykilorð

Skattalög. Tekjuskattur. Útsvar. Virðisaukaskattur. Refsiákvörðun. Hegningarauki. Sect. Dráttur á máli. Ómerkingarkröfu hafnað. Frávisun frá héraðsdómi að hluta.

Útdráttur

S var sakfelldur í héraði fyrir meiriháttar brot gegn skattalögum og 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa í fyrsta lagi staðið skil á efnislega röngum skattframtölum gjaldárin 2016 til og með 2019 vegna tekjuáranna 2015 til og með 2018 með því að vanframtelja annars vegar rekstrartekjur sínar og hins vegar leigutekjur sínar. Í öðru lagi fyrir að hafa staðið skil á efnislega röngum virðisaukaskattskýrslum fyrir sjálfstæðan rekstur sinn uppgjörstímabilin janúar/febrúar rekstrarárið 2015 til og með nóvember/desember rekstrarárið 2018 og í þriðja lagi látið undir höfuð leggjast að færa lögboðið bókhald vegna sjálfstæðrar starfsemi sinnar í samræmi við kröfur laga nr. 145/1994 um bókhald. Landsréttur féllst á það með S að tekjur hans á árinu 2015 hefðu verið tvítaldar í ákæru sem næmi tiltekinni fjárhæð og að frádráttarbær kostnaður í rekstri hans hafi verið hærri en gert væri ráð fyrir í málinu. Niðurstaða Landsréttar var sú að undanskot S frá greiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatts næmu samtals 14.507.731 krónu og taldi rétturinn að brot hans samkvæmt 1. og 2. tölulið ákæru væru stórfelld í skilningi 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga. Sakargiftum um bókhaldsbrot samkvæmt 3. tölulið ákæru var vísað frá dómi þar sem háttsemislýsing ákæruliðarins uppfyllti ekki skilyrði c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Refsing S var ákveðin sem hegningarauki við eldri dóm. Við ákvörðun refsingar var litið til 1., 2., 5. og 6. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga og einnig til þess að dráttur hafði orðið á meðferð málsins. Var refsing S ákveðin fangelsi í 10 mánuði en fullnustu hennar frestað skilorðsbundið í tvö ár. Einnig var S gert að greiða sekt í ríkissjóð að fjárhæð 29 milljónir króna en sæta ella fangelsi í 330 daga.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Ásmundur Helgason, Eyvindur G. Gunnarsson og Ragnheiður Bragadóttir.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 14. apríl 2025 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun. Málgögn bærust réttinum 18. nóvember 2025. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 7. apríl 2025 í málinu nr. S-6841/2023.
- 2 Ákærvaldið krefst þess að refsing ákærða verði þyngd.
- 3 Ákærði krefst þess að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað aftur heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.
- 4 Til vara krefst ákærði þess að þeim hluta sakargifta um vanframtaldar tekjur ákærða og vangreiddan tekjuskatt og útsvar vegna tekjuáranna 2015 til 2018, sem reiknað er af millifærslum af Paypal-reikningi ákærða erlendis á árunum 2015 til 2018 yfir á bankareikning hans nr. 115-26-10431 í Landsbankanum hf., verði vísað frá dómi en til vara að ákærði verði sýknaður af þeim hluta sakargiftanna. Hvað varðar 2. tölulið ákæru krefst ákærði þess að öllum sakargiftum á hendur honum, um að hann hafi vantalið og vangreitt 11% virðisaukaskatt, verði vísað frá dómi en til vara að hann verði sýknaður af þeim.
- 5 Þá krefst ákærði sýknu af sakargiftum um brot gegn 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og lækkunar á þeim fjárhæðum sem greinir í ákæru hvað varðar vanframtaldar tekjur og vangreiddan tekjuskatt og útsvar, svo og vanframtalinn og vangreiddan virðisaukaskatt. Jafnframt krefst ákærði þess að refsing verði milduð og fésekt lækkuð, auk þess sem viðurlög verði alfarið ákvörðuð skilorðsbundin, þar með talin fésekt.
- 6 Loks krefst ákærði þess að sakargiftum samkvæmt 3. tölulið ákæru verði vísað frá dómi.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 7 Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Þar er einnig rakinn framburður ákærða og vitna fyrir héraðsdómi og eftir atvikum hjá héraðssaksóknara. Einnig er þar gerð grein fyrir öðrum gögnum málsins.
- 8 Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti voru spilaðar upptökur af skýrslu ákærða fyrir héraðsdómi og vitnisins, Hilmars K. Viktorssonar, hjá héraðssaksóknara.

Niðurstaða

- 9 Í málinu er ákærða í fyrsta lagi gefið að sök að hafa staðið skil á efnislega röngum skattframtölum gjaldárin 2016 til og með 2019, vegna tekjuáranna 2015 til og með 2018, með því að vanframtelja annars vegar rekstrartekjur sínar og hins vegar leigutekjur sínar um nánar tilgreindar fjárhæðir og með því komist undan greiðslu tekjuskatts og útsvars, sem og fjármagnstekjuskatts, samtals að fjárhæð 11.866.140 krónur, sbr. 1. lið ákæru.

- 10 Í öðru lagi er ákærða gefið að sök að hafa staðið skil á efnislega röngum virðisaukaskattskýrslum rekstrarárin 2015 til og með 2018, með því að vanframtelja 24% virðisaukaskatt af vöru- og þjónustusölu sinni og 11% virðisaukaskatt af leigutekjum sínum í gegnum Airbnb um samtals 5.209.449 krónur, sbr. 2. lið ákæru.
- 11 Loks er ákærða í 3. lið ákæru gefið að sök að hafa látið undir höfuð leggjast að færa lögboðið bókhald vegna sjálfstæðrar starfsemi sinnar í samræmi við kröfur laga nr. 145/1994 um bókhald.
- 12 Í ákæru eru brotin í öllum töluliðum talin varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga, en í 1. tölulið einnig við 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, í 2. töluð einnig við 1. mgr. 40. gr laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og í 3. tölulið einnig við 1. tölulið 1. mgr. 37. gr., sbr. 36. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald.
- 13 Í hinum áfrýjaða dómi var á það fallist á að rétt væri að lækka tekjuskattstofn ákærða árið 2015 um 1.200.000 krónur með „tilheyrandi lækkun á vangreiddum tekjuskatti og útsvari“ í 1. lið ákæru. Að öðru leyti var ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur í 12 mánaða fangelsi og til greiðslu 33.500.000 króna sektar í ríkissjóð. Fangelsisrefsingin var bundin skilorði til tveggja ára.
- 14 Ákærði styður ómerkingarkröfu sína meðal annars þeim rökum að í héraðsdómi hafi ekki verið tekin afstaða til efnislegra varna hans um að frádráttarbær rekstrarkostnaður hafi í raun verið hærri en sá rekstrarkostnaður, sem miðað hafi verið við og tekið tillit til við rannsókn málsins og útgáfu ákæru. Í héraðsdómi hafi þannig ekki verið litið til gagna sem ákærði lagði fram og sýndu að greidd húsaleiga hefði verið hærri en miðað var við í málinu. Þess í stað hefði verið talið að þær varnir væru of seint fram komnar, enda hefði ákærði átt þess kost að koma þessum gögnum að á rannsóknarstigi, sem hann hefði ekki nýtt sér, hvorki hjá skattrannsóknarstjóra né héraðssaksóknara.
- 15 Í hinum áfrýjaða dómi er rakið að við skattskil á því tímabili sem um ræðir í ákæru hafi ákærði gert grein fyrir rekstrarkostnaði sínum, þar með töldum kostnaði vegna leigu. Einnig hafi hann átt þess kost, teldi hann þess þörf, að framvísa frekari bókhaldsgögnum við skattyfirvöld síðar, en þann rétt hafi hann ekki nýtt sér. Að því virtu og með hliðsjón af gögnum málsins var talið að ósannað væri að frádráttarbær rekstrarkostnaður ákærða hefði verið hærri en miðað var við í málinu. Var því ekki fallist á kröfu ákærða um lækkun á vanframtöldum tekjum og virðisaukaskatti samkvæmt 1. og 2. lið ákæru vegna hærri rekstrarkostnaðar. Samkvæmt framangreindu var í héraðsdómi tekin sú efnislega afstaða til varna ákærða að ósannað væri að ákærði hefði borið meiri kostnað af rekstri sínum en gert væri ráð fyrir í málinu. Sætir sú afstaða endurskoðun fyrir Landsrétti. Verður því ekki fallist á ómerkingarkröfu ákærða á framangreindum grunni.
- 16 Einnig styður ákærði ómerkingarkröfu sína þeim rökum að borið hafi að vísa frá héraðsdómi sakargiftum á hendur honum að því er varðar vanframtaldar leigutekjur af bókunarsíðunni Airbnb þar sem grundvöllur útreiknings þeirra sé bersýnilega

rangur. Í málinu sé miðað við að leigutekjurnar hafi orðið til á þeim degi er þær voru millifærðar af PayPal-reikningi ákærða erlendis yfir á bankareikning hans hér á landi í stað þess að miða við hvenær þær féllu til hverju sinni og bárust inn á PayPal-reikninginn, sbr. 2. mgr. 59. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

- 17 Af gögnum málsins má sjá hvenær umræddar leigutekjur bárust ákærða hingað til lands á því tímabili sem um ræðir í ákæru. Þar er einnig að finna yfirlit yfir hvenær greiðslurnar bárust á sama tímabili inn á PayPal-reikninginn. Gögn málsins eru því nægilega skýr til að unnt sé að taka afstöðu til þess við hvort tímabilið rétt sé að miða, sbr. nánar síðar í efnisgrein 27. Verður því hvorki fallist á ómerkingar- né frávísunarkröfu ákærða á framangreindum grundvelli.
- 18 Hvað varðar tekjuárið 2015 telur ákærði að staðfesta beri niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um að tekjur að fjárhæð 1.200.000 krónur, sem ranglega hafi verið taldar fram á skattframtali hans 2016, eigi að koma til lækkunar á vanframtöldum tekjum hans samkvæmt ákæru á árinu 2015. Ákæruvaldið fellst á hinn bóginn ekki á að áðurgreind fjárhæð komi til frádráttar vanframtöldum tekjum ákærða heldur leiði eingöngu til breytinga á fjárhæð tekna milli skattþrepa og útreikningi tekjuskatts af þeim.
- 19 Við meðferð málsins fyrir héraðsdómi var upplýst að í skattskýrslu ákærða 2016, hefðu af óútskýrðum ástæðum verið taldar fram tekjur að fjárhæð 1.200.000 krónur frá nánar tilgreindu fyrirtæki hér á landi, tekjur sem ákærði hefði sannanlega ekki haft. Í hinum áfrýjaða dómi var talið rétt með vísan til 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála að ákærði nyti vafans að þessu leyti og að áðurgreind fjárhæð kæmi til frádráttar vanframtöldum tekjum hans umrætt ár, sbr. efnisgrein 46. Síðar í dómnum, eða í efnisgrein 55, segir á hinn bóginn að fallist sé á að tekjuskattstofn ákærða árið 2015 skuli lækka um áðurgreinda fjárhæð með „tilheyrandi lækkun á tekjuskatti og útsvari“, sbr. 1. ákærulið.
- 20 Óumdeilt er að ákærði afluði ekki umræddra tekna og var því ekki rétt að þær kæmu fram á skattframtali hans 2016. Voru tekjur hans á árinu 2015 því offramtaldar sem nemur umræddri fjárhæð. Eðli málsins samkvæmt koma hinar offramtöldu tekjur ekki til frádráttar vanframtöldum tekjum ákærða heldur til frádráttar tekjuskattstofni hans. Samkvæmt þessu ber að miða við að framtalinn tekjuskattstofn ákærða hafi árið 2015 numið 604.800 krónum en ekki 1.804.800 krónum eins og gert er ráð fyrir í ákæru. Leiðir þetta til lækkunar á vangreiddum tekjuskatti og útsvari vegna færslna á milli skattþrepa, sbr. efnisgrein 29.
- 21 Hvað varðar tekjuárið 2015 bendir ákærði einnig á að færsla á kreditkortareikningi hans 14. október sama ár að fjárhæð 3.200.000 krónur sé talin til rekstrartekna af rafvirkja- og þrifapjónustu hans. Í raun sé um að ræða úttekt hans sjálfs í gegnum greiðsluposa á fjármunum af PayPal-reikningi hans erlendis, sem kreditkorta-fyrirtækið hafi síðan með færsluhirðingu greitt inn á bankareikning hans 2. nóvember 2015. Samsvarandi fjárhæð eða 3.332.169 krónur sé síðan talin til leigutekna ákærða

vegna útleigu í gegnum Airbnb á árinu 2015, en samkvæmt gögnum málsins liggur fyrir að sú fjárhæð kom af PayPal-reikningi ákærða. Telur ákærði að í rannsóknargögnum og ákæru séu þessar tekjur tvítaldar, annars vegar sem rekstrartekjur og hins vegar sem leigutekjur. Í framburði ákærða fyrir héraðsdómi kom fram að í fyrstu hefði ekki verið hægt að millifæra beint af PayPal-reikningnum inn á bankareikning hér á landi og því hefðu millifærslurnar orðið að fara í gegnum kreditkortareikninginn. Síðar hefði verið heimilt að millifæra beint af PayPal-reikningnum og inn á bankareikning hér á landi en þær millifærslur hefðu farið fram með debetkorti. Þessi framburður ákærða fær stoð í gögnum málsins, svo sem yfirliti yfir bankareikning hans nr. 115-26-10431 og staðfestingu kreditkortafyrirtækisins um að færsla eða sala á kreditkortreikning ákærða 14. október 2015 hafi verið gerð með kreditkorti í eigu hans sjálfs.

- 22 Samkvæmt framangreindu og með hliðsjón af 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála verður fallist á með ákærða að tekjur hans á árinu 2015 séu tvítaldar í ákæru sem nemur áðurgreindri fjárhæð að frádregnum 24% virðisaukaskatti eða 2.580.645 krónum. Ber því að lækka vanframtaldar tekjur ákærða umrætt ár sem þeirri fjárhæð nemur. Jafnframt koma 619.355 krónur til frádráttar vanframtöldum virðisaukaskatti sama ár.
- 23 Loks byggir ákærði á því að frádráttarbær kostnaður í rekstri hans hafi verið hærri en gert sé ráð fyrir í málinu. Kveðst hann hafa leigt húsnæði fyrir rekstur sinn af nánar tilgreindu einkahlutafélagi í Reykjavík og greitt 120.500 krónur í leigu á mánuði allt árið 2015 eða samtals 1.446.000 krónur. Samkvæmt rekstrarskýrslu með skattframtali ákærða vegna rekstrarársins 2015 hafi aðeins verið talinn fram húsaleigukostnaður að fjárhæð 543.860 krónur og nemi mismunurinn því 902.140 krónum. Samkvæmt 2. mgr. 171. gr. laga nr. 88/2008 skiptir ekki máli hvenær yfirlýsingar, mótmæli og sönnunargögn koma fram undir rekstri máls. Varnir ákærða fá stuðning í framlögðum húsaleigusamningi og færslum á bankareikningi hans, sem sýna að hann greiddi leigusala umrædda fjárhæð mánaðarlega í samræmi við ákvæði húsaleigusamningsins. Verður því fallist á að til frádráttar tekjum ákærða 2015 komi 902.140 krónur.
- 24 Af gögnum málsins má sjá að húsaleigan, sem ákærði greiddi, var óbreytt á tímabilinu frá janúar til og með september 2016, en hækkaði þá upp í 130.000 krónur á mánuði. Samanlagt námu leigugreiðslur það ár 1.474.500 krónum. Framtalinn húsaleigukostnaður á rekstrarskýrslu ákærða vegna ársins 2016 nam 1.325.500 krónum og nemur mismunurinn því 149.000 krónum, sem koma til frádráttar tekjum ákærða árið 2016. Í greinargerð ákærða til Landsréttar eru engar athugasemdir gerðar við annan rekstrarkostnað ákærða og var það áréttað af hálfu ákærða við munnlegan málflutning fyrir Landsrétti.
- 25 Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest niðurstaða hans um að útleiga ákærða á íbúðinni að Hverfisgötu 74 í Reykjavík hafi talist hluti af

atvinnurekstri hans og leigutekjurnar því virðisaukaskattskyldar, sbr. 8. tölulið 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

- 26 Eins og áður greinir er í ákæru við það miðað að leigutekjur vegna útleigu í gegnum bókunarsíðuna Airbnb hafi orðið til á þeim degi er þær voru millifærðar af PayPal-reikningi ákærða yfir á reikninga hans hér á landi í stað þess að miða við hvenær þær féllu til hverju sinni og bárust inn á PayPal-reikninginn, sbr. 2. mgr. 59. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að tekjur skuli að jafnaði telja til tekna á því ári sem þær verða til nema um óvissar tekjur sé að ræða.
- 27 Á það er fallist svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi að engu breyti um brot ákærða og refsnaemi þeirra við hvort tímamarkið er miðað. Einnig er fallist á að ætla megi að framsetning og útreikningur á vanframtöldum leigutekjum og virðisaukaskatti í ákærunni sé ákærða til hagsbóta, meðal annars vegna þess að brot hans þar eru einskorðuð við þær tekjur sem fluttar voru hingað til lands, en fyrir liggur að hærri tekjur bárust inn á PayPal-reikninginn. Loks er til þess að líta að eins og regla 2. mgr. 59. gr. laga nr. 90/2003 er orðuð er um meginreglu að ræða og verður ekki séð að annað viðmið fari í bága við réttmæta hagsmuni ákærða. Verður því lagt til grundvallar að ákærði hafi vanframtalið tekjur sínar á því tímabili sem um ræðir í ákæru.
- 28 Loks krefst ákærði frávísunar á 3. lið ákærunnar þar sem honum er gefið að sök að hafa „[l]átið undir höfuð leggjast að færa lögboðið bókhald vegna sjálfstæðrar starfsemi sinnar í samræmi við kröfur laga nr. 145/1994 um bókhald.“ Hvorki er í ákæruliðnum né öðrum texta ákærunnar tilgreint á hvaða tímabili bókhaldsbrotið á að hafa verið framið. Þykir háttsemislýsing ákæruliðarins því ekki uppfylla áskilnað c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 og verður fallist á með ákærða að vísa beri ákæruliðnum frá héraðsdómi.
- 29 Samkvæmt öllu framangreindu telst framtalinn tekjuskattsstofn ákærða tekjuárið 2015 vera 604.800 krónur og vanframtaldar tekjur hans það ár 5.158.054 krónur eða samtals 5.762.854 krónur. Vangreiddur tekjuskattur og útsvar af þeirri fjárhæð samkvæmt skattprósentum í ákæru er því samtals að fjárhæð 1.529.619 krónur.
- 30 Að því er tekjuárið 2016 varðar koma 149.000 krónur til frádráttar vanframtöldum tekjum, sem eru þá að fjárhæð 4.507.129 krónur. Vangreiddur tekjuskattur og útsvar af þeirri fjárhæð samkvæmt skattprósentum í ákæru er því samtals að fjárhæð 1.707.038 krónur. Að meðtöldum árunum 2017 og 2018 er vangreiddur tekjuskattur og útsvar samtals að fjárhæð 9.571.375 krónur og vanframtalinn fjármagnstekjuskattur 346.262 krónur.
- 31 Til frádráttar vanframtöldum virðisaukaskatti árið 2015 koma eins og áður greinir 619.355 krónur, sbr. efnisgrein 22, og telst vanframtalinn virðisaukaskattur það ár því að fjárhæð 1.021.266 krónur. Ákærði hefur ekki gert aðrar athugasemdir við fjárhæðir

í 2. lið ákærunnar. Að meðtöldum árunum 2016, 2017 og 2018 nemur vanframtalinn virðisaukaskattur því samtals 4.590.094 krónum.

- 32 Samkvæmt framangreindu námu undanskot ákærða frá greiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatts samtals 14.507.731 krónu. Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms teljast brot ákærða samkvæmt 1. og 2. lið ákærunnar stórfelld í skilningi 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga, þegar þau eru virt í heild sinni.
- 33 Að öllu framangreindu gættu en að öðru leyti með vísan til forsenda hins áfrýjaða dóms verður sakfelling ákærða staðfest og honum gert að sæta fangelsi í 10 mánuði, sem bundið verður skilorði til tveggja ára. Enn fremur verður ákærða gert að greiða 29.000.000 króna sekt í ríkissjóð að viðlagðri 330 daga vararefsingu, allt eins og nánar greinir í dómsorði.
- 34 Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað verður staðfest.
- 35 Með vísan til 1. mgr. 237. gr., sbr. 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 verður ákærða gert að greiða 2/3 hluta áfrýjunarkostnaður málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, sem ákveðin eru að meðtöldum virðisaukaskatti, eins og nánar greinir í dómsorði. Að öðru leyti verður áfrýjunarkostnaður lagður á ríkissjóð.

Dómsorð:

Sakargiftum á hendur ákærða, Sinh Xuan Luu, að því er varðar bókhaldsbrot í þriðja lið ákæru er vísað frá héraðsdómi.

Ákærði sæti fangelsi í tíu mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði 29.000.000 króna í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja, en sæti ella fangelsi í 330 daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði 2/3 hluta áfrýjunarkostnaðar málsins, sem nemur alls 1.665.254 krónum, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Björgvins Jónssonar lögmanns, 1.413.600 krónur. Að öðru leyti greiðist áfrýjunarkostnaður úr ríkissjóði.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. apríl 2025

1. Mál þetta, sem dómtekið var 11. mars 2025, er höfðað með ákæru, útgefinni af Héraðssaksóknara 9. nóvember 2023, á hendur „Sinh Xuan Luu, kt. [...], [...], Reykjavík, [f]yrir meiri háttar brot gegn skattalögum í sjálfstæðri starfsemi sinni, með því að hafa:

A.

- 1 Staðið skil á efnislega röngum skattframtölum gjaldárin 2016 til og með 2019, vegna tekjuáranna 2015 til og með 2018, með því að vanframtelja annars vegar rekstrartekjur sínar um samtals 29.564.786 krónur og hins vegar leigutekjur sínar um samtals 3.462.623 krónur, en rekstrartekjurnar eru skattskyldar samkvæmt B-lið 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, sbr. einnig 19. og 21. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga og leigutekjurnar eru skattskyldar samkvæmt [B-lið] 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Með framangreindum hætti komst ákærði undan greiðslu tekjuskatts og útsvars að fjárhæð 11.519.878 krónur og fjármagnstekjuskatts að fjárhæð 346.262 krónur, sem sundurliðast sem hér greinir:

Tekjuárið 2015

Framtalinn tekjuskattsstofn:	kr.	1.804.800
Vanframtaldar tekjur:	kr.	8.640.839
Tekjuskattur, skattprósenta 22,86 %	kr.	435.456
Útsvar, útsvarsprósenta 14,52%	kr.	276.589
(Tekjur af stofni kr. 0 - 3.709.680kr.)		
Tekjuskattur, skattprósenta 25,3%	kr.	1.600.773
Útsvar, útsvarsprósenta 14,52%	kr.	918.705
(Tekjur af stofni kr. 3.709.681 - 10.036.847 kr.)		
Tekjuskattur, skattprósenta 31,8%	kr.	129.996
Útsvar, útsvarsprósenta 14,52%	kr.	59.357
(Af stofni yfir kr.10.036.847)		
Ónýttur persónuafsláttur	kr.	0
<i>Vangreiddur tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	<i>kr.</i>	<i>3.420.876</i>

Tekjuárið 2016:

Framtalinn tekjuskattsstofn:	kr.	2.016.000
Vanframtaldar tekjur:	kr.	4.656.129
Tekjuskattur, skattprósenta 22,68 %	kr.	457.324
Útsvar, útsvarsprósenta 14,52%	kr.	292.784
(Tekjur af stofni kr. 0 - 4.032.420)		
Tekjuskattur, skattprósenta 23,9 %	kr.	630.890
Útsvar, útsvarsprósenta 14,52%	kr.	383.286
(Tekjur af stofni kr. 4.032.421-10.043.880)		
Ónýttur persónuafsláttur	kr.	0
<i>Vangreiddur tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	<i>kr.</i>	<i>1.764.284</i>

Tekjuárið 2017:		
Framtalinn tekjuskattsstofn	kr.	2.880.000
Vanframtaldar tekjur	kr.	4.516.757
Vanframtaldar leigutekjur	kr.	122.880
<hr/>		
Tekjuskattur, skattprósenta 22,5 %	kr.	1.043.918
Útsvar, útsvarsprósenta 14,52% (Tekjur af stofni kr. 0-10.016.488)	kr.	673.675
Ónýttur persónuafsláttur	kr.	0
50% af leigutekjum eru skattlagðar 20% fjármagnstekjuskatt	kr.	12.288
<i>Vangreiddur tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	<i>kr.</i>	<i>1.717.593</i>
<i>Vangreiddar fjármagnstekjuskattur</i>	<i>kr.</i>	<i>12.288</i>
Tekjuárið 2018:		
Framtalinn tekjuskattsstofn:	kr.	1.843.200
Vanframtaldar tekjur	kr.	11.751.061
Vanframtaldar leigutekjur	kr.	3.339.743
<hr/>		
Tekjuskattur, skattprósenta 22,5 %	kr.	1.998.304
Útsvar, útsvarsprósenta 14,52% (Tekjur af stofni kr. 0 - 10.704.553)	kr.	1.289.572
Tekjuskattur, skattprósenta 31,8 %	kr.	912.567
Útsvar, útsvarsprósenta 14,52% (Tekjur af stofni yfir kr. 10.724.553)	kr.	416.682
Ónýttur persónuafsláttur	kr.	0
50% af leigutekjum eru skattlagðar um 20% fjármagnstekjuskatt	kr.	333.974
<i>Vangreiddur tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	<i>kr.</i>	<i>4.617.125</i>
<i>Vangreiddar fjármagnstekjur</i>	<i>kr.</i>	<i>333.974</i>
<i>Vangreiddur tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	<i>kr.</i>	<i>11.519.878</i>
<i>Vangreiddur fjármagnstekjuskattur samtals:</i>	<i>kr.</i>	<i>346.262</i>

- 2 Staðið skil á efnislega röngum virðisaukaskattsskýrslum fyrir sjálfstæðan rekstur sinn uppgjörstímabilin janúar – febrúar rekstrarárið 2015 til og með nóvember – desember rekstrarárið 2018

með því að vanframtelja 24% virðisaukaskatt af vöru- og þjónustusölu sinni um samtals 3.613.511 kr. og 11% virðisaukaskatt af leigutekjum sínum frá Airbnb um samtals 1.595.935 kr., en [með] framangreindum hætti var virðisaukaskattur félagsins sem standa bar skil á vegna sömu tímabila í samræmi við fyrirmæli í IX. kafla laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, vanframtalinn um alls 5.209.449 krónur á ofangreindu tímabili, sem sundurliðast sem nánar greinir:

2015	24%	11%	Vanframt. vsk.
janúar – febrúar	124.963	0	124.963
mars – apríl	191.391	0	191.391
maí – júní	136.490	1.269	137.759
júlí – ágúst	226.906	66.488	293.394
september – október	775.680	298.782	1.074.462
nóvember – desember	-181.348	0	-181.348
<i>Samtals vegna ársins 2015</i>	<i>1.274.082</i>	<i>366.539</i>	1.640.621

2016	24%	11%	Vanframt. vsk.
janúar – febrúar	158.040	0	158.040
mars – apríl	142.673	12.749	155.422
maí – júní	130.491	7.414	137.906
júlí – ágúst	65.885	37.320	103.205
september – október	360.163	1.106	361.269
nóvember – desember	132.390	0	132.390
<i>Samtals vegna ársins 2016</i>	<i>989.642</i>	<i>58.589</i>	1.048.232

2017	24%	11%	Vanframt. vsk.
janúar – febrúar	160.542	12.823	173.365
mars – apríl	298.688	0	298.688
maí – júní	-99.859	0	-99.859
júlí – ágúst	281.277	0	281.277
september – október	249.101	0	249.101
nóvember – desember	166.297	0	166.297
<i>Samtals vegna ársins 2017</i>	<i>1.056.046</i>	<i>12.823</i>	1.068.869

2018	24%	11%	Vanframt. vsk.
janúar – febrúar	109.629	0	109.629
mars – apríl	179.723	49	179.772
maí – júní	103.559	1.130.637	1.234.195
júlí – ágúst	-85.247	0	-85.247
september – október	-36.349	27.299	-9.050
nóvember – desember	22.427	0	22.427
<i>Samtals vegna ársins 2018</i>	<i>293.742</i>	<i>1.157.985</i>	1.451.727

Vanframtalinn virðisaukaskattur, 24% og 11% samtals 5.209.449 kr.

- 3 Látandi undir höfuð leggjast að færa lögboðið bókhald vegna sjálfstæðrar starfsemi sinnar í samræmi við kröfur laga nr. 145/1994, um bókhald.

Framangreind brot ákærða skv. 1. tölulið ákæru teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. einnig 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Framangreind brot ákærða skv. 2. tölulið ákæru teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. einnig 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Framangreind brot ákærða skv. 3. tölulið ákæru teljast varða við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. einnig 1. tölulið 1. mgr. 37. gr., sbr. 36. gr., laga nr. 145/1994, um bókhald.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

2. Verjandi ákærða krefst þess að ákærða verði gerð vægasta refsing sem lög frekast heimila og að refsing hans verði að öllu leyti skilorðsbundin. Í því samhengi er þess krafist að sakfelling ákærða miðist við lægri fjárhæðir en í ákæru greinir. Þá krefst verjandinn hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins og að þau verði greidd úr ríkissjóði.
3. Verjandi ákærða féll frá kröfu um frávisun ákæru og allra krafna ákæruvaldsins í málinu, með bókun í þingbók 11. mars 2025, en sú krafa hafði verið höfð uppi í greinargerð ákærða samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

I

Málsatvik

4. Rannsókn málsins hófst formlega með tilkynningu Skattrannsóknarstjóra ríkisins til ákærða, dags. 16. október 2019, um að hafin væri rannsókn á skattskilum hans vegna rekstraráranna 2015 til og með 2018. Skýrsla Skattrannsóknarstjóra, sem innihélt niðurstöður þeirrar rannsóknar, var send ákærða og verjanda hans með bréfum, dags. 10. desember 2020, og þeim gefinn kostur á að koma að andmælum við skýrsluna. Andmæli bárust ekki. Endanleg skýrsla lá fyrir 29. desember 2020. Með bréfi Skattrannsóknarstjóra til ákærða, dags. 30. desember 2020, var honum tilkynnt um fyrirhugaða ákvarðanatöku um refsimeðferð í málinu og honum gefinn kostur á að tjá sig um ákvarðanatökuna áður en til hennar kæmi. Engar athugasemdir bárust frá ákærða.
5. Helstu niðurstöður rannsóknar Skattrannsóknarstjóra á skattskilum ákærða framangreind ár voru þær að hann hefði skilað efnislega röngum skattframtölum og efnislega röngum virðisaukaskattsskýrslum. Bókhald hafi sömuleiðis ekki verið í samræmi við lög. Skattskyld velta ákærða, útskattur og rekstrartekjur ákærða voru taldar vanframtaldar. Námu vanframtaldar rekstrartekjur ákærða á umræddu tímabili 32.565.070 krónum samkvæmt rannsókn Skattrannsóknarstjóra og vanframtalin virðisaukaskattsskyld velta 29.576.386 krónum. Vanframtalinn útskattur var talinn nema 5.212.231 krónu. Var ákærði með þessari háttsemi sinni talinn hafa gerst brotlegur við tilgreind ákvæði laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og laga nr. 145/1994 um bókhald.
6. Skattrannsóknarstjóri vísaði málinu til Héraðssaksóknara 27. janúar 2021 til rannsóknar. Sama dag vísaði Skattrannsóknarstjóri málinu til Skattsins til endurákvörðunar opinberra gjalda. Þann 12. ágúst 2021 kvað Skatturinn upp úrskurð um endurákvörðun opinberra gjalda ákærða og virðisaukaskatts gjaldárin 2016, 2017, 2018 og 2019, vegna rekstraráranna 2015, 2016, 2017 og 2018. Fór endurákvörðunin fram á grundvelli rannsóknar Skattrannsóknarstjóra í máli ákærða. Var ákærði talinn hafa vanframtalið skattskyldar rekstrartekjur sínar samkvæmt B-lið 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt um samtals 32.565.070 krónur. Þá var hann talinn hafa vanframtalið virðisaukaskattsskylda veltu og útskatt á rannsóknartímabilinu um þær fjárhæðir sem að framan greinir og fram komu í skýrslu

Skattransóknarstjóra. Voru opinber gjöld hans endurreiknuð með hliðsjón af því. Áður en til þess kom hafði ákærða verið gefinn kostur á að andmæla endurákvörðuninni, en engin andmæli bárust.

7. Þann mun sem var á skattframtölum ákærða og virðisaukaskattsskýrslum annars vegar og niðurstöðu Skattransóknarstjóra og Skattsins hins vegar má meðal annars rekja til þess að ákærði er í skýrslu Skattransóknarstjóra og framangreindum úrskurði Skattsins sagður hafa fengið greiðslur frá fjölmörgum aðilum inn á bankareikninga sína hjá Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf., auk þess að fá greiðslur frá Borgun vegna færsluhirðingar. Ákærði hafi aðeins gert grein fyrir þeim greiðslum að hluta við skattskil sín vegna árána 2015 til og með 2018. Var ákærði sagður hafa vanframtalið skattskylda veltu um 5.423.980 krónur árið 2015 og útskatt um 1.301.756 krónur. Ákærði var sagður hafa vanframtalið skattskylda veltu um 3.921.692 krónur árið 2016 og útskatt um 941.209 krónur. Ákærði var einnig sagður hafa vanframtalið skattskylda veltu um 4.198.783 krónur árið 2017 og útskatt um 1.007.708 krónur. Loks var ákærði sagður hafa vanframtalið skattskylda veltu sína um 1.523.428 krónur árið 2018 og útskatt um 365.622 krónur.
8. Ákærði var enn fremur talinn hafa vanframtalið leigutekjur frá þriðja aðila vegna leigu á húsnæði í eigu ákærða að Laugavegi 103 í Reykjavík, en leigutekjurnar voru í skýrslu Skattransóknarstjóra taldar hafa verið vanframtaldar um 2.988.684 krónur. Samkvæmt rannsókn Skattransóknarstjóra og ofangreindum úrskurði Skattsins frá 12. ágúst 2021 hafði ákærði einnig látið hjá líða að telja fram leigutekjur sem hann hafði haft af íbúð, sem hann upplýsti síðar að hefði verið íbúð að Hverfisgötu 74 í Reykjavík, sem leigð hafði verið í gegnum Airbnb. Höfðu leigutekjur vegna þeirrar íbúðar verið lagðar inn á reikning ákærða hjá PayPal. Voru leigutekjurnar sagðar hafa numið 3.698.708 krónum á árinu 2015, 591.220 krónum á árinu 2016, 129.394 krónum á árinu 2017 og 11.685.118 krónum á árinu 2018.
9. Rakið er í skýrslu Skattransóknarstjóra og framangreindum úrskurði Skattsins frá 12. ágúst 2021 að ákærði hafi fengið greiddar 16.104.440 krónur inn á bankareikning sinn frá PayPal vegna útleigu húsnæðis á árunum 2015 til og með 2018. Þá er rakið að undanþága 8. töluliðar 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt gildi ekki um útleigu gistiherbergja og annarrar gistiþjónustu þegar leigt sé til skemmi tíma en eins mánaðar. Að því virtu og að öðru leyti með vísan til 1.–3. gr. þeirra laga var það niðurstaða Skattransóknarstjóra og Skattsins að um virðisaukaskattskylda starfsemi hafi verið að ræða hjá ákærða, sem hafi haft með höndum sjálfstæða atvinnustarfsemi í atvinnuskyni í skilningi laga nr. 50/1988.
10. Það var niðurstaða Skattsins samkvæmt framansögðu að greiðslur frá PayPal til ákærða vegna útleigu á íbúð, sem síðar kom í ljós að var íbúð að Hverfisgötu 74 í Reykjavík, að frádregnum virðisaukaskatti, væru vanframtaldar rekstrartekjur hjá honum, sem skattleggja bæri samkvæmt B-lið 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Var jafnframt litið svo á að virðisaukaskattur hefði verið innifalinn í þeim tekjum sem ákærði innheimti hjá viðskiptavinum sínum, enda bæri gistiþjónusta 11% virðisaukaskatt og hefði gert frá 1. janúar 2015, sbr. 2. tölulið 2. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988.
11. Ákærði gaf skýrslu hjá embætti Héraðssaksóknara 13. og 22. mars 2023. Áður hafði hann gefið skýrslu hjá Skattransóknarstjóra. Kvaðst ákærði vera rafvirki, en hann ynni við þrif. Ákærði vísaði meðal annars til þess að Hilmar K. Viktorsson bókarari hefði séð um skattskil hans og bókhald og ákærði treyst á hann. Ákærði kvaðst hafa afhent bókanum þau gögn sem hann hefði kallað eftir hverju sinni. Kvaðst ákærði hafa verið með eigin rekstur á árunum 2015 til og með 2018, sem hefði gengið út á að endurselja notuð raftæki. Ákærði neitaði að mestu að tjá sig um tölulegar niðurstöður í skýrslu Skattransóknarstjóra, í það minnsta á því stigi, eða bar fyrir sig minnisleysi þar sem langt væri um liðið. Þá bar ákærði fyrir sig vankunnáttu á íslenskum reglum. Ákærða var gefinn kostur á að koma að gögnum vegna misræmis, hjá Skattransóknarstjóra og hjá Héraðssaksóknara, en gerði það ekki.

II

Framburðir fyrir dómi

12. Ákærði gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins fyrir dómi. Kvaðst hann hafa verið sjálfstætt starfandi rafvirki á þeim tíma sem ákæran varðaði. Hann hefði rekið rafverkstæði og keypt ónýt raftæki, lagað og endurselt. Þá kvaðst hann hafa haft íbúð að Hverfisgötu 74 í Reykjavík til útleigu á vef Airbnb til ársins 2018, en íbúðin hefði verið eign fyrrverandi sambýliskonu hans. Þau væru hins vegar ekki í sambúð í dag. Ákærði bar að hann hefði ekki vitað að honum hefði borið að innheimta 11% virðisaukaskatt af leigutekjum vegna

íbúðarinnar og hann ekki haft virðisaukaskattsnúmer á árinu 2015. Sagði ákærði jafnframt að leigutekjur vegna Hverfisgötu 74 hefðu verið greiddar inn á reikning hans hjá PayPal.

13. Ákærði lýsti því að Hilmar K. Viktorsson hefði útbúið skattframtal hans öll þau rekstrarár sem ákæran tæki til. Ákærði kvaðst hafa afhent Hilmar öll gögn sem hann hefði beðið um, að undanskildum gögnum vegna Airbnb-leigunnar. Ákærði kvaðst þó hafa sagt Hilmar frá þeim tekjum, en hann hefði sagt að ekki þyrfti að gefa þær upp þar sem þetta væru ekki tekjur á Íslandi. Er framburður Hilmars K. Viktorssonar hjá Héraðssaksóknara var borinn undir ákærða, þ.e. að Hilmar hefði sagt í skýrslu hjá Héraðssaksóknara að hann hefði ekki vitað af Airbnb-tekjum ákærða, fengið fátækleg gögn frá honum og ekki fært fyrir hann bókhald, kvað ákærði þann framburð Hilmars vera rangan. Hilmar hefði séð um að færa fyrir hann bókhald, auk þess að sjá um skattframtöl hans.
14. Sagði ákærði að framtöl hans gæfu rétta mynd af tekjum hans á umræddu tímabili, að undanskildum tekjum vegna útleigu íbúðarinnar að Hverfisgötu 74 í Reykjavík, en þær tekjur hefðu hætt að koma á árinu 2018 eða í ársbyrjun 2019. Kvaðst ákærði hafa fengið allar tekjur vegna Airbnb-leigunnar inn á sinn reikning, en sambýliskona hans, sem var jafnframt eigandi íbúðarinnar, eins og að framan greinir, hefði ekki fengið neinn hluta teknanna.
15. Ákærði mótmælti því fyrir dómi að hann hefði vantalið virðisaukaskatt vegna rekstraráranna 2015 til og með 2018. Honum hefði verið kunnugt um að starfsemi hans væri virðisaukaskattsskyld, en Hilmar K. Viktorsson hefði útbúið fyrir hann virðisaukaskattsskýrslur. Ákærði kvaðst hafa sótt um virðisaukaskattsnúmer og látið Hilmar hafa öll gögn sín, þ.m.t. alla reikninga sem hann hefði gefið út. Ákærði kvaðst þó stundum hafa keypt raftæki beint frá fólki án þess að hafa fengið reikning frá því. Hann hefði því ekki alltaf haft reikning fyrir þeim kostnaði sem hann hefði þurft að bera. Kostnaðarreikningar hefðu hins vegar ekki týnst hjá honum.
16. Ákærði neitaði því að hann eða nokkrir ættingjar hans hefðu verið starfsmenn Flúx ehf., en samkvæmt skattframtali ákærða 2016, vegna tekjuársins 2015, var hann meðal annars sagður hafa fengið 1.200.000 krónur í laun frá því fyrirtæki á árinu 2015, auk ökutækjastyrks og dagpeninga. Ákærði sagðist hvorki þekkja fyrirtækið né forsvarsmann þess. Þá kvaðst hann aldrei hafa þegið laun, ökutækjastyrk eða dagpeninga frá þessu fyrirtæki. Um tilbúning hafi verið að ræða af hálfu Hilmars K. Viktorssonar.
17. Ákærði kvaðst hafa átt fasteign að Laugavegi 103 í Reykjavík, sem hann hefði leigt út. Hann hefði sjálfur séð um rekstur sinn, en innheimt reikninga í gegnum banka. Kvaðst hann hafa gefið út skriflega reikninga, en ekki úr sama reikningshefti. Sagði ákærði að hugsanlegt væri að hluti leigutekna ársins 2016 hefði verið greiddur á árinu 2017, sem gæti útskýrt misræmi á milli leigutekna og innborgana á bankareikning ákærða vegna Laugavegar 103. Greiddar hafi verið 475.000 krónur inn á reikninginn 2016, en leigutekjur verið 791.667 krónur. Ákærði kvaðst þó ekki muna eftir þessu.
18. Ákærði lýsti því fyrir dómi að 3.200.000 króna greiðsla í gegnum „posa“ 14. október 2015 hefði komið frá honum sjálfum. Hann hefði millifært fjármuni af PayPal-reikningi sínum, nánar tiltekið tekjur af útleigu íbúðarinnar að Hverfisgötu 74 í gegnum Airbnb, inn á eigið greiðslukort hjá Landsbankanum. Hann hefði svo tekið út af því korti og millifært inn á innlánsreikning í sínu nafni með nefndri greiðslukortafærslu.
19. Vitnið Markús Sigurðsson, fyrirsvarsmaður Flúx ehf., gaf skýrslu fyrir dóminum. Kvað vitnið að ákærði hefði aldrei unnið fyrir fyrirtækið, en sami aðili hefði séð um skattskil fyrir fyrirtækið og fyrir ákærða. Kvaðst vitnið ekki geta útskýrt hvers vegna tekjur hefðu verið gefnar upp á ákærða með launamiða 2015, en Hilmar K. Viktorsson hefði sagt honum að greiða. Hilmar hefði verið orðinn alvarlega veikur á þeim tíma, fengið krabbamein og svo Parkinson-sjúkdóminn. Ekkert starfssamband hefði hins vegar verið á milli fyrirtækisins og ákærða og enginn ættingi á hans vegum hefði unnið hjá fyrirtækinu. Kvaðst vitnið hafa hitt Hilmar K. Viktorsson tvisvar á ári á umræddum tíma.

III

Niðurstaða varðandi sekt eða sýknu, heimfærslu brota til refsiakvæða o.fl.

20. Í máli þessu eru ákærða gefin að sök meiri háttar brot gegn skatta- og bókhaldslögum, sem samkvæmt ákæru eru talin varða við 1. og 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum, sbr. viðeigandi ákvæði í sérlögum. Er á því byggt af hálfu ákæruvaldsins að ákærði hafi framið brot sín í sjálfstæðri starfsemi sinni gjaldárin 2016, 2017, 2018 og 2019, þ.e. tekjuárin 2015, 2016, 2017 og 2018.

Ákærða er í ákærulið 1 gefið að sök að hafa komið sér undan greiðslu tekjuskatts og útsvars að fjárhæð 11.519.878 krónum og fjármagnstekjuskatts að fjárhæð 346.262 krónur. Vanframtalinn virðisaukaskattur samkvæmt ákærulið 2 er sagður nema 5.209.449 krónum. Nema meint undanskot skatta samkvæmt ákæru því samtals 17.075.589 krónum.

21. Varnir ákærða eru í meginatriðum á því byggðar að fjárhæðir vangreidds tekjuskatts og útsvars séu mun lægri en þær fjárhæðir sem tilgreindar hafi verið í skýrslu Skattrannsóknarstjóra, sem ákæruliður 1 byggir á og sem endurákvörðun Skattsins 12. ágúst 2021 byggði á. Hið sama eigi við um vanframtalinn og vangreiddan virðisaukaskatt samkvæmt ákærulið 2. Er bæði á því byggt að rekstrartekjur ákærða á tekjuárunum 2015 til og með 2018 hafi verið ofreiknaðar, sem og á því að ákærði hafi þurft að bera frádráttarbær gjöld, í formi sannanlegs rekstrarkostnaðar, sem ekki hafi verið tekið tillit til í útreikningum Skattrannsóknarstjóra, Skattsins og ákæruvaldsins.
22. Ákæruvaldið hafnar framangreindum sjónarmiðum ákærða, þ.m.t. um að tekjur ákærða hafi verið ofreiknaðar, sbr. ákærulið 1, að öðru leyti en því að lækka beri tekjuskattsstofn ákærða fyrir rekstrarárið 2015 um 1.200.000 krónur, þar sem sannað þygi að gefnar hafi verið upp á hann tekjur frá Flúx ehf. sem hann hafi ekki haft. Þá hafnar ákæruvaldið því að virðisaukaskattur hafi verið ofáætlaður í útreikningum að baki ákærunni, sbr. ákærulið 2.
23. Hefur ákæruvaldið jafnframt bent á að ákærði hafi gert grein fyrir frádráttarbærum rekstrarútgjöldum við skattskil sín á árunum 2016 til og með 2019, vegna tekjuáranna 2015 til og með 2018, og ekki sýnt fram á það með sannanlegum hætti að hann hafi haft frekari rekstrarútgjöld en þar greindi, sem taka beri mið af við úrlausn þessa máls. Er á því byggt að ákærði beri sönnunarbyrði um hið gagnstæða og að hann hafi ekki axlað þá sönnunarbyrði sína í málinu.

Um sönnunargildi skýrslu ákærða og vitna

24. Samkvæmt 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða og vitna hafi, sem og skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Samkvæmt 115. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skal dómari meta sönnunargildi framburðar ákærða, þar á meðal trúverðugleika hans, við úrlausn máls. Í því samhengi skal meðal annars hugað að ástandi og hegðun ákærða við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn hans.
25. Ákærði gaf sem fyrir segir skýrslu fyrir dómi. Áður hafði hann, sem fyrir segir, gefið skýrslu hjá Skattrannsóknarstjóra ríkisins og fyrir Héraðssaksóknara. Veitti ákærði fátækleg svör á því stigi málsins og skýrði í engu það misræmi sem í ljós hafði komið. Ákærði hefur hins vegar bæði veitt fyllri svör fyrir dómi sem og lagt fram gögn máli sínu til stuðnings. Þrátt fyrir svör ákærða fyrir dómi, sem að einhverju leyti eru studd gögnum, verður hvorki sagt að svör hans hafi verið nákvæm né tæmandi um sakarefni málsins. Ákærði bar einnig fyrir sig minnisleysi og vísaði á Hilmar K. Viktorsson viðskiptafræðing, sem hefði veitt honum ráðgjöf og aðstoð við skattskil á umræddum árum. Er framburður ákærða í mikilvægum atriðum í andstöðu við framburð vitnisins Hilmars hjá Héraðssaksóknara. Að framangreindu virtu og heildstætt metið er það mat dómsins að framburður ákærða fyrir dómi hafi verið ótrúverðugur, sbr. 115. gr. laga nr. 88/2008, þrátt fyrir þau gögn sem ákærði lagði fram fyrir dómi.
26. Samkvæmt 126. gr. fyrrnefndra laga nr. 88/2008 ber dómnum að huga að sönnunargildi vitnisburða við úrlausn máls. Ber dómnum í því samhengi meðal annars að líta til afstöðu vitnis til ákærða, hagsmuna vitnis af málsúrslitum, áreiðanleika skynjunar þess á atvikum, minnis, ástands og hegðunar þess við skýrslugjöf og síðast en ekki síst öryggis vitnis og skýrleika í svörum, sem og samræmis í frásögn þess.
27. Markús Sigurðsson, fyrirsvarsmaður Flúx ehf., gaf sem fyrir segir skýrslu sem vitni fyrir dómi. Var framburður hans trúverðugur að mati dómsins, sbr. 126. gr. laga nr. 88/2008. Verður hann lagður til grundvallar dómi í málinu.
28. Hilmar K. Viktorsson gaf sem fyrir segir skýrslu sem vitni hjá Héraðssaksóknara á rannsóknarstigi málsins. Í skýrslu Hilmars kom meðal annars fram að hann hefði að einhverju leyti veitt ákærða þjónustu á þeim árum sem ákæran tekur til, að beiðni ákærða. Ákærði hefði keypt gamlar þvottavélar og eldhústæki og endurnýjað þau. Kvaðst Hilmar hafa aðstoðað ákærða við útfyllingu á virðisaukaskattskýrslum eftir gögnum frá honum, sem hefðu verið fátækleg. Hann hefði hins vegar hvorki fært bókhald fyrir ákærða né verið beðinn um slíkt.

Rekstur ákærða hefði verið einfaldur og ekki tekið því. Hilmar kvaðst ekki muna hvort hann hefði gert skattaskýrslur fyrir ákærða, en minnti að svo hefði verið, í það minnsta að hluta. Þá kvaðst Hilmar ekkert hafa vitað um leigutekjur ákærða í gegnum Airbnb. Þá kvað Hilmar að framburður ákærða um ráðgjöf hans og aðkomu að skattskilum ákærða hefði verið orðum aukinn.

29. Dómur skal að meginstefnu til reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008. Vitnið Hilmar K. Viktorsson átti þess ekki kost að gefa skýrslu fyrir dóminum vegna alvarlegra veikinda. Samkvæmt 3. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 metur dómari við þær aðstæður hvort skýrsla hafi sönnunargildi eða ekki og þá eftir atvikum hvert það sé. Það er mat dómsins, að virtum gögnum málsins, að skýrsla umrædds vitnis hjá Héraðssaksóknara hafi umtalsvert sönnunargildi í málinu og að skýrslan sé trúverðug. Er í því samhengi meðal annars horft til þess að vitnið hefur engin tengsl við ákærða og á engra hagsmuna að gæta í málinu. Verður samkvæmt því litið til framburðar vitnisins Hilmars fyrir Héraðssaksóknara, auk annarra gagna, við úrlausn málsins, með þeim fyrirvara þó að ekki er um milliliðalaus sönnunarfærslu að ræða, auk þess sem ákærða eða verjanda hans hefur ekki verið gefinn kostur á að spyrja vitnið.

Um persónulega ábyrgð ákærða o.fl.

30. Þótt ákærði hafi leitað til utanaðkomandi aðila eftir aðstoð, og eftir atvikum ráðgjöf, leysir það hann ekki undan ábyrgð á skattskilum sínum, enda hvílir framtalsskyldan að lögum á honum sjálfum, sbr. 2. mgr. 90. gr. laga nr. 90/2003, sbr. meðal annars dóm Hæstaréttar frá 7. febrúar 2013 í máli nr. 74/2012. Þá bar ákærði persónulega ábyrgð á því að skila virðisaukaskattsskýrslum og þeim virðisaukaskatti sem hann innheimti í sjálfstæðum rekstri sínum, sbr. 2. mgr. 2. gr., 1. tölulið 1. mgr. 3. gr., 1. mgr. 15. gr. og 1. og 2. mgr. 24. gr. laga nr. 50/1988. Vanþekking á lögum leiðir eigi heldur til refsileysis, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 26. maí 2011 í máli nr. 370/2010.

Um ákæruliði 1 og 2

31. Ákæruliðir 1 og 2 tengjast. Verður af þeim sökum fjallað sameiginlega um þessa liði ákærunnar og varnir ákærða hvað þá liði varðar.
32. Ákærða er sem fyrr segir í 1. lið ákærunnar gefið að sök að hafa staðið skil á efnislega röngum skattframtölum gjaldárin 2016 til og með 2019, vegna tekjuáranna 2015 til og með 2018, með því að vanframtelja annars vegar rekstrartekjur sínar um samtals 29.564.786 krónur og hins vegar leigutekjur sínar um samtals 3.462.623 krónur. Ákærði hafi þannig komist undan greiðslu tekjuskatts og útsvars að fjárhæð 11.519.878 krónur og fjármagnstekjuskatts að fjárhæð 346.262 krónur.
33. Ákærða er í 2. lið ákærunnar gefið að sök að hafa staðið skil á efnislega röngum virðisaukaskattsskýrslum fyrir sjálfstæðan rekstur sinn uppgjörstímabilin janúar – febrúar rekstrarárið 2015 til og með nóvember – desember rekstrarárið 2018 með því að vanframtelja 24% virðisaukaskatt af vöru- og þjónustusölu sinni um samtals 3.613.511 krónur og 11% virðisaukaskatt af leigutekjum sínum frá Airbnb um samtals 1.595.935 krónur. Virðisaukaskattur, sem ákærða hafi borið að standa skil á vegna sömu tímabila, hafi að sama skapi verið vanframtalinn um alls 5.209.449 krónur á ofangreindu tímabili.
34. Málsaðilar eru sem fyrr segir sammála um að lækka beri tekjuskattsstofn ákærða árið 2016 vegna tekjuársins 2015 um 1.200.000 krónur, þ.e. um þær tekjur sem gefnar voru upp á ákærða frá Flúx ehf., en hvorki ákærði né fyrirsvarsmaður þess félags hafa, líkt og áður segir, viljað kannast við að ákærði hafi nokkru sinni unnið fyrir félagið. Ákærvaldið byggir á því að þetta hafi ekki önnur áhrif við úrlausn málsins en að fjárhæðir breytist við útreikning á hverju og einu skattþrepi en breyti engu um refsinaemi verknaðar ákærða, þar sem ofreikningur á tekjum hans umrætt ár breyti ekki þeirri staðreynd að hann hafi haldið öðrum tekjum, sem hann hafi sannanlega haft, utan við skattskil sín.
35. Af hálfu ákærða er meðal annars á því byggt að auk lækkunar rekstrartekna um framangreindar 1.200.000 krónur rekstrarárið 2015 beri að líta til þess við úrlausn málsins að millifærsla inn á bankareikning hans 14. október 2015, 3.200.000 krónur, hafi komið frá honum sjálfum, en ekki frá þriðja aðila. Um sé að ræða hluta af þeim tekjum sem ákærði hafi haft af útleigu íbúðarinnar að Hverfisgötu 74 í Reykjavík og fengið greiddar í gegnum PayPal-reikning sinn. Sölu tekjur ákærða það ár hafi af þeim sökum verið ofáætlaðar. Af þeim sökum beri að lækka tekjuskattsstofn hans um 2.580.645 krónur. Jafnframt beri að lækka fjárhæð vanframtalins 24% virðisaukaskatts í september – október 2015, sbr. ákærulið 2, úr 775.680 krónum í

156.325 krónur. Þá telur ákærði einnig að húsaleiga hafi verið vantalin við framsetningu rekstrarútgjalda hans árið 2015. Samkvæmt skattframtalinu hafi frádráttarþær húsaleiga numið 543.860 krónum en hún hafi raunverulega numið 1.446.000 krónum. Mismunur þar á milli sé 902.140 krónur, sem eigi að koma til frádráttar við útreikning á tekjuskattsstofni ákærða fyrir þetta ár. Vísar ákærði til þess að hann hafi haft húsnæði á leigu að Skútuvogi 13 í Reykjavík frá 1. maí 2013 til 31. janúar 2018 og greitt mánaðarlega leigu, 120.500 krónur í hvert sinn.

36. Ákærði byggir sömuleiðis á því að hluti af vanframtöldum tekjum ársins 2015 samkvæmt ákærulið 1 séu leigutekjur vegna útleigu á Hverfisgötu 74 í Reykjavík í gegnum Airbnb, 3.332.169 krónur. Er á því byggt að um útleigu á íbúðarhúsnæði hafi verið að ræða og að ákærða hafi borið að greiða fjármagnstekjuskatt af leigutekjunum. Á þeim tíma hafi ekki verið fyrirmæli í lögum um hver mætti vera hámarksfjárhæð leigutekna af útleigu íbúðarhúsnæðis, án þess að um atvinnustarfsemi eða sjálfstæða starfsemi væri að ræða, í merkingu B-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Samkvæmt því er á því byggt að umrædd útleiga í gegnum Airbnb hafi ekki verið atvinnustarfsemi. Því beri að fara með umræddar leigutekjur ákærða sem fjármagnstekjur utan rekstrar samkvæmt 3. mgr. 66. gr. laga nr. 90/2003. Af því leiði einnig að leigutekjurnar beri ekki virðisaukaskatt, enda hafi ákærði ekki innheimt virðisaukaskatt ofan á þær. Af þeim ástæðum beri að sýkna ákærða af því ákæruatriði samkvæmt ákærulið 2, að hafa ekki staðið skil á 11% virðisaukaskatti af leigutekjum vegna Airbnb-útleigu á árinu 2015, samtals 366.539 krónum.
37. Ákærði byggir einnig á því, verði ekki fallist á framangreint, að heildarfyrningargrunnur umræddrar fasteignar hafi verið umfram þau mörk, sem greind hafi verið í þágildandi 3. málslíð 2. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 62. gr. sömu laga. Útleiga íbúðarinnar að Hverfisgötu 74 hafi því ekki talist vera atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi.
38. Hvað tekjuárið 2016 varðar er á því byggt af hálfu ákærða að hann hafi sannanlega haft rekstrarkostnað á því ári sem heimilt sé að draga frá rekstrartekjum ársins. Húsaleiga sem hann greiddi hafi sem fyrr segir numið 120.500 krónum á mánuði frá janúar til og með september, samkvæmt húsaleigusamningi. Leigan hafi hækkað í 130.000 krónur frá 1. október 2016. Ákærði hafi því samtals greitt 1.474.500 krónur í leigu á því ári, sem eigi að koma til frádráttar frá rekstrartekjum ársins og lækkunar á vanframtöldum skattskyldum tekjum samkvæmt 1. lið ákæru. Ákærði hafi sömuleiðis haft önnur rekstrargjöld sem koma eigi til frádráttar tekjum, svo sem rafmagn, síma, leigukostnað vegna greiðslukortavélar (posa) o.fl. Eins hafi ákærði millifært fjárhæðir af PayPal-reikningi sínum yfir á innlánsreikning á Íslandi, sem eigi að leiða til sýknu ákærða af þeim lið þar sem honum er gefið að sök að hafa vanframtalið 11% virðisaukaskatts. Þá er einnig á því byggt að útleigan á Hverfisgötu 74 hafi verið leiga á íbúðarhúsnæði, en ekki atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi, þannig að greiða hafi átt af þeim fjármagnstekjuskatt en ekki tekjuskatt.
39. Að því er varðar tekjuárið 2017 er á því byggt af hálfu ákærða, líkt og áður, að ákærði hafi haft rekstrarkostnað sem draga eigi frá vanframtöldum rekstrartekjum, svo sem húsaleigu, sem hafi hækkað í 140.000 krónur á mánuði frá 1. apríl 2017. Frádráttarþær húsaleiga ákærða hafi samkvæmt því numið 1.650.000 krónum á árinu 2017. Þá er sem fyrr byggt á því að rafmagnskostnaður, greiðsla vegna greiðslukortavélar og síma eigi að koma til frádráttar vanframtöldum tekjum. Þá beri að skattleggja leigutekjur vegna Hverfisgötu 74, 116.571 krónu, sem fjármagnstekjur, þar sem ekki hafi verið um að ræða útleigu í atvinnustarfsemi. Þá eigi sömuleiðis ekki að leggja 11% virðisaukaskatt ofan á þær tekjur, auk þess sem hluti af vanframtalinni veltu samkvæmt ákæru sé millifærslur af PayPal-reikningi ákærða yfir á innlánsreikning hér á landi.
40. Hvað tekjuárið 2018 varðar er á því byggt að hluti af vanframtöldum leigutekjum hans á því ári hafi verið endurgreiðsla á kostnaði samkvæmt ákvæði í leigusamningi um Laugaveg 103 í Reykjavík, sem eigi að koma til lækkunar á vanframtöldum leigutekjum. Þá hafi ákærði sem fyrr borið rekstrarkostnað sem einnig eigi að koma til frádráttar, svo sem húsaleigu, rafmagn, síma og leigukostnað vegna greiðslukortavélar. Þá er á því byggt að vanframtaldar leigutekjur af Hverfisgötu 74 í Reykjavík hafi verið lægri en byggt sé á í ákæru. Miða eigi við dagsetningar er þjónustan hafi verið veitt en ekki við það tímamark er fjármunir hafi verið fluttir hingað til lands. Með öðrum orðum eigi aðeins að taka tillit til þeirra leigutekna sem myndast hafi á árinu 2018, en ekki miða við millifærslur af PayPal-reikningnum hingað til lands á því ári.

41. Ákærði mótmælir því hins vegar ekki að umfang leigu á Hverfisgötu 74 í Reykjavík árið 2018 hafi verið með þeim hætti að um atvinnustarfsemi hafi verið að ræða. Starfseminni hafi hins vegar fylgt rekstrarkostnaður sem draga beri frá tekjum, svo sem vegna fasteignagjalda, rafmagns- og hitunarkostnaðar, þjónustu- og efniskaupa varðandi þrif og viðhald og fleira. Þá er því ekki mótmælt að um virðisaukaskattsskylda starfsemi hafi verið að ræða á árinu 2018, en fjárhæðir hafi verið lægri en byggt sé á í ákæru.
42. Varðandi ákærulið 2 er byggt á því sem að framan er rakið, að breyttu breytanda, útleiga á Hverfisgötu 74 hafi ekki verið virðisaukaskattsskyld fyrr en á árinu 2018 og ákærði hafi orðið að bera ýmis útgjöld án þess að hafa haldið til haga reikningum vegna þeirra.
43. Af gögnum málsins má ráða að ákærði gaf aðeins upp hluta þeirra rekstrartekna sem hann hafði á umræddu tímabili, en hann starfaði sem fyrr segir sem rafvirki og keypti og endurseldi notuð raftæki. Þá lét ákærði sömuleiðis hjá líða að telja fram tekjur sem hann hafði af leigu af íbúð að Hverfisgötu 74 í Reykjavík, sem innheimt var erlendis í gegnum PayPal-reikning ákærða. Er það óumdeilt í málinu. Ákærði hefur borið því við að hann hafi fengið þá ráðgjöf frá vitninu Hilmari K. Viktorssyni að óþarft væri fyrir hann að telja tekjurnar fram, þar sem um erlendar tekjur væri að ræða. Þykir sá framburður ótrúverðugur, enda ekki í samræmi við trúverðugan framburð Hilmars hjá Héraðssaksóknara, sem sagðist ekkert hafa vitað af þessum tekjum ákærða.
44. Ákærði hefur sem fyrr segir borið því við að tekjur hans af útleigu á Hverfisgötu 74 í Reykjavík, í gegnum Airbnb, hafi verið tvítaldar í útreikningum að baki ákærunni, þ.m.t. millifærslur að fjárhæð 3.200.000 krónur. Því hefur ákæruvaldið neitað. Þá hefur ákærði borið því við að leigutekjur hans af Laugavegi 103 í Reykjavík hafi ýmist verið innheimtar á því ári sem leigan hafi fallið til eða síðar. Ákæruvaldið telur hins vegar að það breyti engu um sakaratriði málsins.
45. Gögn málsins styðja þann máltilbúnað ákæruvaldsins að ákærði hafi vanframtalið bæði rekstrartekjur sínar og leigutekjur með þeim hætti sem lýst er í 1. lið ákærunnar og þannig skilað efnislega röngum skattframtölum, eins og nánar greinir í þessum lið ákærunnar. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að rekstrartekjur ákærða hafi verið víreiknaðar í þeim útreikningum sem ákæran byggir á. Þá hefur ákærði ekki fært sönnur á að útreikningur á vanframtöldum leigutekjum hans sé rangur eða skýrt með fullnægjandi hætti það misræmi, sem er annars vegar á upplýsingum sem ákærði gaf sjálfur við skattskil sín og hins vegar þeim upplýsingum sem hann hefur gefið og gögnum sem hann hefur lagt fram fyrir dómi. Að því virtu og að öðru leyti með vísan til gagna málsins verður lagt til grundvallar að ákærði hafi vanframtalið rekstrartekjur sínar og leigutekjur á því tímabili sem ákæran tekur til, með þeim hætti sem lýst er í 1. lið ákærunnar.
46. Málsaðilar eru sem fyrr segir sammála um að ákærði hafi talið fram 1.200.000 króna tekjur frá Flúx ehf. á árinu 2016, vegna ársins 2015, sem ekki hafi átt að vera tekjur hjá honum. Er það í samræmi við trúverðugan framburð fyrirsvarsmanns félagsins. Telur ákærði að þetta eigi að leiða til lækkunar á vanframtöldum tekjum hans samkvæmt ákæru. Því er ákæruvaldið ósammála og telur að umrædd leiðrétting leiði aðeins til breytinga á milli skattþrepa, en ekki til lækkunar á vanframtalinni fjárhæð. Að virtri 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála telur dómurinn eðlilegt að ákærði fái að njóta vafans að þessu leyti og að umrædd fjárhæð komi til frádráttar vanframtöldum tekjum hans umrætt ár.
47. Dómurinn getur hvorki fallist á þau sjónarmið ákærða að útleiga hans á íbúð að Hverfisgötu 74 í Reykjavík, í gegnum Airbnb, hafi talist útleiga á íbúðarhúsnæði né að ákærða hafi borið að greiða fjármagnstekjuskatt af þeim tekjum fremur en tekjuskatt. Þvert á móti verður að fallast á sjónarmið ákæruvaldsins um að um sjálfstæða starfsemi hér á landi hafi verið að ræða, enda átti ákærði hvorki íbúðina né bjó hann í henni. Þá bar þessi útleigustarfsemi ákærða öll einkenni atvinnurekstrar og íbúðin staðsett hér þótt leiga væri greidd inn á reikning ákærða erlendis. Þá bar ákærði fyrir dómi að hann hefði einn notið góðs af leigutekjunum, jafnvel þótt þáverandi sambýliskona hans hefði verið eigandi íbúðarinnar.
48. Samkvæmt 8. tölulið 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt telst útleiga hótél- og gistiherbergja og útleiga tjaldstæða vera virðisaukaskattsskyld, sem og önnur gistiþjónusta þegar leigt er til skemmri tíma en eins mánaðar. Ætla verður að útleiga ákærða á íbúð að Hverfisgötu 74 í Reykjavík hafi verið til skemmri tíma en eins mánaðar hverju sinni. Í öllu falli hefur ekki verið sýnt fram á að svo hafi ekki verið. Að því

virtu og að öðru leyti með vísan til þess sem rakið hefur verið hér að framan verður að hafna sjónarmiðum ákærða en taka undir með ákærvaldinu varðandi það að leigutekjur ákærða af íbúðinni hafi verið virðisaukaskattsskyldar, sbr. 2. lið ákærunnar. Mátti ákærða sömuleiðis vera það ljóst.

49. Eins og áður segir byggir ákærði á því að lækka eigi vanframtaldar rekstrar- og leigutekjur hans á því tímabili sem ákæran tekur til, þar sem hann hafi haft rekstrarkostnað sem hvorki hafi verið tekið tillit til við skattskil hans á þeim árum né við útreikninga sem ákæran byggir á. Hefur ákærði lagt fram ýmis gögn til staðfestingar á meintum útgjöldum sínum. Þessu mótmælir ákærvaldið og bendir á að ósannað sé að ákærði hafi haft rekstrarútgjöld umfram þann kostnað sem þegar hafi verið tekið tillit til við álagningu opinberra gjalda á hann.
50. Ákærði gerði grein fyrir rekstrarkostnaði sem hann hafði haft í rekstri sínum tekjuárin 2015 til og með 2018, þar með töldum leigukostnaði, við skattskil sín á árunum 2016 til og með 2019. Ef ákærði taldi sig hafa frekari útgjöld, sem ekki hefði verið tekið tillit til við upphaflega álagningu á hann, en taka ætti tillit til við álagningu opinberra gjalda og útreikning á virðisaukaskatti, átti hann kost á að koma viðeigandi gögnum á framfæri við skattyfirvöld á fyrri stigum málsins, þ.m.t. í aðdraganda endurákvörðunar opinberra gjalda og virðisaukaskatts fyrir framangreind ár, sbr. fyrrnefndan úrskurð Skattsins frá 12. ágúst 2021. Ákærða var sömuleiðis, eins og áður segir, gefinn kostur á að koma að skýringum og gögnum hjá Skattrannsóknarstjóra og hjá Héraðssaksóknara, en nýtti ekki þann rétt sinn.
51. Hefði ákærði lagt fram fullnægjandi upplýsingar og gögn á fyrri stigum málsins, varðandi rekstrarkostnað, sem væri umfram þann kostnað sem hann hefði þegar gert grein fyrir, en samt þess eðlis að hann ætti að koma til frádráttar frá tekjum ákærða, hefðu rétt yfirvöld, þ.e. skattyfirvöld og eftir atvikum ákærvaldið, getað tekið afstöðu til þess hvort ákærði hefði fært fram fullnægjandi skýringar og sönnun fyrir viðbótarkostnaði sem draga ætti frá rekstrartekjum. Skattyfirvöld hefðu jafnframt, eftir atvikum, getað aðlagð álagningu á ákærða og útreikning virðisaukaskatts að því, teldu þau að sjónarmið ákærða ættu rétt á sér.
52. Ákærði verður að bera halla af því að hafa ekki komið réttum upplýsingum eða gögnum á framfæri við skatt- eða rannsóknaryfirvöld á fyrri stigum málsins, enda bar ákærði einn ábyrgð á því að svo væri gert. Að því virtu og með hliðsjón af gögnum málsins verður að fallast á þau sjónarmið ákærvaldsins að ákærði hafi ekki fært sönnun fyrir því í máli þessu að vanframtaldar tekjur hans, sbr. 1. lið ákærunnar, eða vanframtalinn virðisaukaskattur, sbr. 2. lið ákærunnar, eigi að lækka vegna rekstrarkostnaðar sem ákærði hafi þurft að bera en ekki hafi verið tekið tillit til við álagningu opinberra gjalda og útreikning virðisaukaskatts á fyrri stigum málsins.
53. Ákærði byggir á því að við útreikning leigutekna hans og eftir atvikum virðisaukaskatts vegna leigu á íbúð að Hverfisgötu 74 í Reykjavík, í gegnum Airbnb, hafi átt að miða við dagsetningar er tekjurnar féllu til, en ekki þegar leigutekjurnar hafi verið fluttar til Íslands og lagðar inn á reikning ákærða hér á landi. Ákærði hefur hins vegar hvorki sýnt fram á né fært fyrir því rök að það hefði nokkru breytt um brot hans eða refsinaemi þeirra, ef þetta hefði verið gert, jafnvel þótt tekjur kynnu að hafa færst til innan ákærutímabilsins eða fjárhæðir virðisaukaskatts breyst á milli tímabila innan þess.
54. Ákærði hefur eigi heldur leitt líkur að því að hann beri halla af því að þessi háttur hafi verið hafður á við útreikning vanframtalinn leigutekna vegna Hverfisgötu 74 í Reykjavík eða virðisaukaskatts af þeirri leigu. Þvert á móti verður að ætla að þessi háttur við útreikning kunni frekar að vera ákærða til hagsbóta, þar sem útreikningar að baki ákærunni eru einskorðaðir við tekjur sem fluttar voru hingað til lands, fremur en leigutekjur sem greiddar voru inn á PayPal-reikning ákærða erlendis. Þá verður ekki séð að vörnum ákærða hafi verið áfátt vegna þessa.
55. Getur dómurinn að öllu framangreindu virtu ekki fallist á að vanframtaldar tekjur ákærða samkvæmt ákæru, gjaldárin 2016 til og með 2019, vegna tekjuáranna 2015 til og með 2018, eigi að lækka umfram það sem að framan greinir, en dómurinn fellst sem fyrir segir á það, með hliðsjón af framansögðu, að tekjustofn ákærða fyrir árið 2015 hafi átt að lækka um 1.200.000 krónur, með tilheyrandi lækkun á vangreiddum tekjuskatti og útsvari, sbr. 1. lið ákærunnar. Að sama skapi getur dómurinn ekki fallist á það, með hliðsjón af framansögðu, að vanframtalinn virðisaukaskattur samkvæmt 2. lið ákærunnar eigi að lækka frá því sem í ákæru greinir.

56. Verður ákærði samkvæmt öllu framangreindu sakfelldur fyrir þau brot sem lýst er í ákæruliðum 1 og 2, að teknu tilliti til þess sem að framan greinir.
- Um ákærulið 3*
57. Ákærða er í 3. lið ákærunnar gefið að sök að hafa látið undir höfuð leggjast að færa lögboðið bókhald vegna sjálfstæðrar starfsemi sinnar, í samræmi við kröfur laga nr. 145/1994 um bókhald. Ákærði játar sök samkvæmt þessum ákærulið, en byggir á því að brot hans verði ekki talið meiri háttar, þannig að varði við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.
58. Í ákæru málsins er ekki tilgreint sérstakt tímabil í þessum lið ákærunnar. Að mati dómsins er eigi að síður nægilega ljóst að átt sé við sama tímabil og samkvæmt ákæruliðum 1 og 2. Var það enn frekar áréttað af hálfu ákæruvaldsins við aðalmeðferð málsins. Þykir vörn ákærða sömuleiðis ekki hafa verið áfátt vegna þess. Að teknu tilliti til þessa, með vísan til 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 og þar sem ákærði hefur játað það brot sem honum er gefið að sök í þessum lið ákærunnar, þykir unnt að leggja efnisdóm á þennan ákærulið. Verður ákærði jafnframt sakfelldur fyrir brot sitt samkvæmt þessum ákærulið, með vísan til þess sem að framan greinir.
- Um það hvort brot ákærða séu meiri háttar*
59. Brot ákærða samkvæmt 1. og 2. tölulið ákærunnar eru samkvæmt ákæru talin varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. annars vegar 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 og hins vegar 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988. Brot ákærða samkvæmt 3. tölulið ákærunnar er talið varða við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga, sbr. einnig 1. tölulið 1. mgr. 37. gr., sbr. 36. gr., laga nr. 145/1994 um bókhald.
60. Samkvæmt 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga skal hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gerist sekur um meiri háttar brot gegn meðal annars 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 eða 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 sæta fangelsi allt að sex árum. Þá er heimilt að dæma fésekt að auki samkvæmt þeim ákvæðum skattalaga sem vísað er í. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skal sá sæta sömu refsingu sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gerist sekur um meiri háttar brot gegn meðal annars 37. og 38. gr., sbr. 36. gr., laga nr. 145/1994.
61. Samkvæmt 3. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga telst verknaður meiri háttar brot samkvæmt 1. og 2. mgr. sömu greinar ef brotið lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög saknæmi brotsins, svo og ef maður, sem til refsingar skal dæma fyrir eitthvert þeirra brota sem getur í 1. eða 2. mgr., hefur áður verið dæmdur sekur fyrir sams konar brot eða eitthvert annað brot sem undir þau ákvæði fellur.
62. Af hálfu ákærða er á því byggt að brot ákærða samkvæmt ákæru geti ekki talist meiri háttar í ofangreindum skilningi. Hefur í því samhengi verið vísað til fyrirmæla ríkissaksóknara nr. 6/2021 um meðferð skattalagabrota, sem gefin voru út 25. ágúst 2021. Voru fyrirmælin sett á grundvelli 21. gr. laga nr. 88/2008, sbr. 1. mgr. 103. gr. og 2. mgr. 121. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 5. og 11. gr. laga nr. 29/2021. Síðast nefndu lög in varða breytingu á lögum varðandi rannsókn og saksókn skattalagabrota, en þau tóku gildi 1. maí 2021.
63. Dregur ákærði þá ályktun af framangreindum fyrirmælum og lögum nr. 29/2021 að þrátt fyrir að lög in og fyrirmælin feli ekki í sér bindandi mat fyrir dómstóla á því hvaða skattalagabrot teljist stórfelld í skilningi 262. gr. almennra hegningarlaga hljóti engu að síður að þurfa að hafa nokkra hliðsjón af framangreindum fyrirmælum þegar virt sé hvort telja skuli brot stórfelld, þannig að heimfæra beri það undir umrætt hegningarlaga ákvæði, meðal annars í ljósi þess hver sýnist hafa verið vilji löggjafans með umræddri lagabreytingu.
64. Dómurinn getur ekki fallist á þessa vörn ákærða, enda breyttu framangreind lög eða fyrirmæli engu um refsinaemi skattalagabrota eða lögbundin viðurlög við þeim, sbr. dóm Hæstaréttar frá 13. apríl 2022 í máli nr. 35/2021 og dóma Landsréttar frá 4. nóvember 2022 í máli nr. 328/2021, 10. febrúar 2023 í máli nr. 13/2022, 17. febrúar 2023 í máli nr. 162/2022 og 28. apríl 2023 í máli nr. 11/2022.
65. Að því virtu verður ekki séð að gildistaka laga nr. 29/2021 eða útgáfa fyrirmæla ríkissaksóknara nr. 6/2021 geti haft þýðingu við úrlausn þessa máls, enda aðstæður að þessu leyti með áþekkingu hætti og í framangreindum dómi Hæstaréttar og dómum Landsréttar. Stendur gildistaka laga nr. 29/2021 og fyrirmæla ríkissaksóknara nr. 6/2021 þannig ekki í vegi fyrir því að brot ákærða samkvæmt ákæru verði talið varða við 1. eða 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

66. Með áðurnefndum dómi Landsréttar í máli nr. 162/2022 var fallist á að undanskot opinberra gjalda samtals að fjárhæð 16.995.434 krónur teldist varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga. Í dómi Landsréttar frá 4. nóvember 2022 í máli nr. 328/2021 var talið að undanskot virðisaukaskatts og opinberra gjalda, samtals að fjárhæð 12.526.664 krónur, teldist varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga. Í dómi réttarins frá 10. febrúar 2023 í máli nr. 13/2022 var talið að undanskot virðisaukaskatts og opinberra gjalda, samtals að fjárhæð 10.958.208 krónur, teldist varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.
67. Með vísan til alls þess sem rakið hefur verið hér að framan er fallist á það með ákærvaldinu að brot ákærða samkvæmt 1. og 2. tölulið ákærunnar teljist vera meiri háttar í skilningi 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. mgr. sömu greinar, þegar þau eru virt í heild sinni. Þá verður einnig með sömu rökum að fallast á það með ákærvaldinu að brot ákærða samkvæmt 3. tölulið ákærunnar varði við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.
- Um huglæga afstöðu ákærða, heimfærslu til refsíákvæða o.fl.*
68. Að öllu framangreindu virtu verður að fallast á það með ákærvaldinu að saknæmisskilyrði 1. og 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga um ásetning eða stórfellt gáleysi, sbr. einnig 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003, 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 og 3. tölulið 1. mgr. 37. gr., sbr. 36. gr., laga nr. 145/1994, séu uppfyllt, en ákærði þykir hafa sýnt af sér stórfellt hirðuleysi með þeirri háttsemi sinni sem lýst er í ákæru.
69. Ákærði verður samkvæmt framansögðu sakfelldur fyrir þær sakir sem honum eru gefnar að sök samkvæmt ákæru, að teknu tilliti til þess að tekjuskattsstofn hans tekjuárið 2015 lækkar um 1.200.000 krónur og vanframtalinn tekjuskattur hans og útsvar fyrir það ár með samsvarandi hætti, í samræmi við ákvæði laga. Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar og þykja brot hans með vísan til framanritaðs vera rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

V

Niðurstaða varðandi refsingu ákærða o.fl.

70. Ákærði er fæddur í apríl 1978. Samkvæmt framlögðu sakavottorði ákærða, dags. 11. mars 2025, hlaut ákærði dóm í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 10. desember 2024. Var ákærði með þeim dómi dæmdur til að sæta fangelsi í sex mánuði vegna brota gegn 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum og tilgreindum ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002. Fullnustu refsingar ákærða var frestað skilorðsbundið í tvö ár. Er sú refsing sem ákærði hlýtur í þessu máli hegningarauki við þá refsingu sem ákærði hlaut með framangreindum dómi, þar sem brot ákærða í þessu máli voru framin áður en áðurnefndur dómur gekk. Verður til þess litið við ákvörðun refsingar í málinu, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt fyrirbyggjandi sakavottorði á ákærði að öðru leyti ekki sakaferil að baki. Verður einnig litið til þess, ákærða til málsbóta, sbr. 5. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.
71. Meðferð þessa máls hefur auk þess dregist, án þess að séð verði að ákærða sé þar um að kenna. Rannsókn málsins hófst með formlegum hætti hjá embætti Skattranssóknarstjóra ríkisins þann 16. október 2019, en lauk 27. janúar 2021. Liðu svo tæp þrjú ár frá móttöku embættis Héraðssaksóknara á bréfi Skattranssóknarstjóra ríkisins, dags. 27. janúar 2021 og móttöknu sama dag, þar til ákæra var gefin út, þann 9. nóvember 2023. Fer þessi málsmeðferð í bága við 2. málslíð 3. mgr. 18. gr. og 2. málslíð 2. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008 og 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem lagagildi hefur hér á landi samkvæmt lögum nr. 62/1994. Verður þetta virt ákærða til mildunar við ákvörðun refsingar í málinu.
72. Á hinn bóginn verður ekki framhjá því litið að brot ákærða stóðu yfir í langan tíma. Þá var um háar fjárhæðir að ræða. Ásetningur ákærða til brota var sömuleiðis styrkur og einbeittur. Verður einnig litið til þess við ákvörðun refsingar í málinu, til þyngingar á refsingu ákærða, sbr. 1., 2. og 6. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.
73. Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga ber að taka eldri skilorðsdóm upp, ef rannsókn hefur hafist gegn manni sem sakborningi fyrir lok skilorðstíma, og taka bæði málin til meðferðar og dæma í einu lagi, þ.e. annars vegar eldra málið, sem viðkomandi sætir enn skilorði vegna, og yngra málið, sem enn er ólokið. Tilgangur þessa ákvæðis er meðal annars að fyrirbyggja að dómfelldur maður eigi tvo virka skilorðsdóma á sama tíma. Samkvæmt því verður fyrrnefndur dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli ákærða frá 10. desember 2024 tekinn upp og ákærða gerð refsing í einu lagi, annars vegar vegna þeirra brota sem hann

var dæmdur fyrir í því máli og hins vegar vegna þeirra brota sem hann hefur verið sakfelldur fyrir í þessu máli.

74. Ákærði var sem fyrr segir dæmdur til að sæta fangelsi í sex mánuði með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 10. desember 2024 vegna brota gegn 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum og tilgreindum ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002. Fullnustu refsingar ákærða var frestað skilorðsbundið í tvö ár. Ákærði hefur í þessu máli verið sakfelldur fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga. Að því virtu, með hliðsjón af öllu framangreindu, sakarefni þessa máls, dómvenju og 60., 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga, þykir refsing ákærða fyrir þau brot sem hann var sakfelldur fyrir með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 10. desember 2024 og þau brot sem hann hefur verið sakfelldur fyrir í þessu máli vera hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði. Þykir rétt að fresta fullnustu refsingar ákærða og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.
75. Samkvæmt 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 og 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 verður ákærða jafnframt gerð sektarrefsing. Brot gegn ákvæðunum varðar sektum sem skulu aldrei vera lægri en sem nemur tvöfaldri fjárhæð vanskilanna og ekki hærri en sem nemur tífalt dæmi fjárhæðinni. Verður að framangreindu virtu, ekki síst vegna þess dráttar sem orðið hefur á meðferð málsins, miðað við tvöfalda fjárhæð undanskotinna gjalda, sbr. til hlið-sjónar dóm Landsréttar frá 24. júní 2022 í máli nr. 168/2021. Skal ákærði samkvæmt þessu greiða 33.500.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Vararefsing ákærða er með hliðsjón af viðmiðunarreglum dómstólasýslunnar nr. 1/2020 ákveðin 360 daga fangelsi.
76. Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Jónssonar lögmanns, 4.051.080 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, sbr. 1. mgr. 235. gr., sbr. a-lið 1. mgr. 233. gr. laga nr. 88/2008. Eru málsvarnarlaunin ákveðin með hliðsjón af tímayfirliti lögmannsins, umfangi málsins og reglum dómstólasýslunnar nr. 1/2025. Ekki verður séð af gögnum málsins að annan sakarkostnað hafi leitt af rannsókn eða meðferð þess.
77. Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Kristín Ingileifsdóttir saksóknari.
78. Jóhannes Rúnar Jóhannsson héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

Dómsorð:

Ákærði, Sinh Xuan Luu, sæti fangelsi í 12 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði 33.500.000 króna í sekt til ríkissjóðs og komi 360 daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Jónssonar lögmanns, 4.051.080 krónur.